

Ábyrgðartrygging einstaklinga

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 131 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá á sjova.is](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Ábyrgðartrygging einstaklinga bætir tjón sem váttryggður veldur öðrum enda sé hann bótaskyldur fyrir því tjóni samvæmt íslenskum réttarreglum.



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Skaðabótakrafna vegna líkamstjóna og skemmda á munum sem váttryggður veldur öðrum vegna vanrækslu eða gáleysis.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin bætir ekki:

- ✗ Tjón sem fjölskylda váttryggðs verður fyrir.
- ✗ Tjón sem verður vegna atvinnu váttryggðs.
- ✗ Tjón á munum sem váttryggður hefur að láni, leigu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tjóns sem hlýst af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti, sprengingu, kjarnorku eða geislavirkum efnum.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að þrjá mánuði frá brottfarardegi.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með eftirfarandi hætti:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.